

A decorative graphic on the left side of the page features a vertical orange line with a fine grid pattern. To its right, several orange circles of varying sizes are arranged in a descending, staggered pattern. The largest circle is at the top left, with smaller ones below and to its right.

VALÁFANGAR Í FS

Skólaárið 2009-2010

VALÁFANGAR Í FS



Bókleg fög

- Enska
- Íslenska
- Spænska
- Stærðfræði
- Þýska

Verkleg fög

- Handavinna málm
- Kynning á rafmagni
- Nýsköpun



VALÁFANGAR Í FS



- Hvert fag er kennt einu sinni í viku, annað hvort á þriðjudögum eða miðvikudögum frá kl. 14:50-16:15.
- Þetta eru heilsársáfangar svo nemendur eru í sama áfanganum bæði fyrir og eftir jól.
- Mjög mikilvægt er að nemendur mæti í allar kennslustundirnar!
- Þeir nemendur sem hafa áhuga á bóklegu fögunum þurfa að gera sér grein fyrir því að vinnuálagið er mikið og heimavinnan líka.



EINKUNNAVIÐMIÐ



Bókleg fög

- Nemendur þurfa að vera með að lágmarki 8,5-9,0 í einkunn í viðkomandi fagi (íslenska gildir fyrir spænsku og þýsku).

Verkleg fög

- Nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í handavinnu og vera með góða ástundun.
- Stjórnendur í grunnskólunum taka ákvörðun um hvaða nemendur fá að sækja um áfangana.



FJÖLDATAKMARKANIR



- Aðeins takmarkaður fjöldi kemst í verklega áfanga, 12 nemendur að hámarki.
- Mjög mikilvægt er að nemendur missi ekki úr tíma í verklegu greinunum þar sem þeir geta ekki unnið tímaverkefnið heima.
- Ef nemendur sjá fram á að missa úr skóla, t.d. vegna utanlandsferða, er betra fyrir þá að velja eitthvað annað þar sem það kemur sér mjög illa fyrir nemendur að missa úr tíma í FS, sérstaklega í verklegum greinum.



MÆTINGAREGLUR Í FS



- Ætlast er til þess að nemendur mæti í allar kennslustundirnar.
- Það er ekki frí í tímum í FS þó að frí sé í grunnskólanum, t.d. vegna starfsdaga eða annars.
- Ef nemendur komast ekki í tíma vegna veikinda eða uppákoma á vegum grunnskólans er best að tilkynningin komi frá skrifstofu grunnskólans.
- Það sama gildir ef óskað er eftir leyfi, þá sækja foreldrar um það hjá grunnskólanum og þeir koma skilaboðunum áfram til mín.

